

Sveitarstjóri/sveitarstjórn Dalabyggðar

Efni: Ærslabelgur <https://go.quotientapp.com/q/yN5j.WOxcG--6TFSZeuD1R-ilLx4TspzgsZtFnLcerE>

Eigum við Dalamenn ekki að ærslast smá?

Víða um land eru komnir svokallaðir ærslabelgir, litfagrir með mikið aðdráttarafl. Skemmtilega við þá er að þeir eru einfaldlega ætlaðir til ærslagangs. Ærslabelgurinn er uppblásið leiktæki sem fæst í nokkrum stærðum og er ætlaður mannfólki, á öllum aldri, að hoppa og skoppa á í gleði og samvinnu.

Ætlunin með bréfi þessu er að athuga hvort sveitarfélagið sjái fyrir sér að ærslabelgur geti eignast heimili í Búðardal. Kostnaður er eigi umflúinn við þennan skemmtilega féлага. Sjá upplýsingar um kostnað og uppsetningu í viðhengi efst í bréfi.

Við undirritaðar höfum áhuga á að fyrirbæri sem slíkt fái stað í Búðardal, íbúum sveitarfélagsins og gestum okkar til ánægju og skemmtunar.

Fáist jákvætt svar um heimili fyrir ærslabelg þá mætti athuga með fjáröflun einhvers konar.

Hugmynd um stað; neðan við tjaldsvæðið, nálægt svokölluðum Menntavegi, tillaga 1 og 2 (ath reitir 1 og 2 ekki nákvæmir eða í hlutföllum, einungis til að sýna staðarhugmynd).



Með von um jákvæðar undirtektir

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Þórey Björk Þórisdóttir